

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. ágúst 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-28/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. maí sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna þjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur reikning fyrir verkinu of háan.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 9. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 23. maí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags., 29. júní sl. bað kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa álitsbeiðanda um að gera betur grein fyrir kröfum sínum á hendur seljanda ella yrði málinu vísað frá nefndinni. Bréf barst frá álitsbeiðanda, dags. 4. júlí sl. Engin frekari gögn bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt álitsbeiðni stendur ágreiningur aðila um verk sem unnið var á heimil álitsbeiðanda um miðbik mars 2012, en verkið var fólgið í því annarsvegar að smíða pall undir baðkar og hinsvegar uppsetningu á sturtubotni. Telur álitsbeiðandi að seljandi þjónustunnar hafi ofreiknað tímafjölda og efniskostnað við verkið, en reikningur seljanda hljóðaði upp á samtals kr. 346.918, þar af kr. 67.367 fyrir efni, kr. 7.530 fyrir akstur og kr. 272.921 fyrir 51 klst. af vinnu við verkið.

Í bréfi frá álitsbeiðanda, dags. 4. júlí sl., er umþrættu verki lýst ítarlega, ítrekað að álitsbeiðandi telji reikning seljanda of háan og að auki gerðar athugasemdir við gæði verksins.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Í bréfi kæruneftndarinnar, dags. 29. júní sl., var álitsbeiðanda, með vísan til 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftndina, bent á að hann mætti búast við því að kæruneftndin vísaði máli hans frá nefndinni ef ekki bárust nánari lýsingar á ágreiningi aðila og kröfur rökstuddar.

Með bréf dags. 4. júlí sl. gerði álitsbeiðandi reka að því að lagfæra málalíbúnað sinn. Er það mat kæruneftndarinnar að þær lagfæringar hafi ekki verið nægjanlegar, en kæruneftndin telur að til þess að viðunandi niðurstaða náist í deilu aðila sé nauðsynlegt að til komi mat óháðs aðila eða dómkvadds matsmanns á verkinu. Því er það niðurstaða kæruneftndarinnar að bæði sé ágreiningur þess eðlis og ekki studdur þeim gögnum að tækt sé fyrir nefndina að taka efnislega afstöðu til hans með álitsgerð að svo stöddu.

Kærufndin vísar því álytsbeiðni frá sér með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2005 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

V

Álytsorð

Álytsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir